

AF VETTVANGI SAMBANDSINS

Skipulagsdagurinn
8. nóvember 2019

Aldís Hafsteinsdóttir
formaður stjórnar
Sambands íslenskra sveitarfélaga



Húsnæðismál eru grundvöllur búsetu

- Lög um almennar íbúðir (stofnframlög)
 - Stuðningur við fyrstu kaup
 - Landsbyggðarverkefni Íbúðalánasjóðs
 - Sameining Íbúðalánasjóðs og Mannvirkjastofnunar
 - Byggingagátt veitir heildarsýn um stöðu
 - Áhersla á frekari einföldun regluverks
 - Uppfærsla regluverks m.t.t. orkuskipta
 - Efasemdir um faggildingu alls byggingareftirlits
-
- Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga grundvöllur alls!





Loftslagsmál og Heimsmarkmið SP

- Fjöldmenn málþing sl. vetur um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og loftslagsmál sýna mikinn áhuga sveitarstjórnarmanna
- Í haust hafa sérfræðingar fundað um þessi málefni með það að markmiði að:
 - Miðla þekkingu og reynslu til sveitarfélaga
 - Benda á leiðir til að ná árangri
 - Safna upplýsingum um verkefni sem eru til eftirbreytni

Tækifærin eru víða og tíminn til aðgerða er núna!





Loftslagsmál og Heimsmarkmið SP

Helstu hlutverk samráðsins:

1. Miðla þekkingu og reynslu til og á milli sveitarfélaga
2. Greina og grípa tækifæri til samstarfs
3. Kanna tækifæri til sameiginlegrar þróunar á aðferðum til að mæla árangur
4. Leita leiða til að greiða fyrir aðgengi sveitarfélaga að fjármagni
5. Tryggja aðkomu sveitarfélaga að setningu, framfylgd og framþróun reglna og áætlana á þessu sviði
6. Aðstoða við gerð loftslagsstefnu sveitarfélaga

Öll sveitarfélög ættu að sjá tækifæri í þátttöku!





Kolefnisbinding og skipulag

Kolefnishlutleysi verður ekki náð nema með stórauðinni kolefnisbindingu í gróðri og jarðvegi og minni losun frá landnotkun.

Endurheimt votlendis og aukin skógrækt almennt jákvæðar aðgerðir en:

- Mikilvægt að marka skýra stefnu í ASK um breytta landnotkun
- Heppilegast að rækta skóga utan góðs akuryrkjulands
- Sóknarfæri í endurheimt votlendis en vatnalögin eru regluverk sem tryggir rétt allra landeigenda, m.a. til framræslu
- Tilefni til þess að herða á leyfisferlum gagnvart nýjum framræsluskurðum

Kapp er best með forsjá



Stefna í úrgangsmálum og urðunarskattur

- Flokkun úrgangs og sérstök söfnun þurfi að haldast í hendur við þá meðhöndlun sem á eftir kemur.
- Nauðsyn að greina hvaða innviði þarf til framtíðar - nema við ætlum að treysta á útflutning úrgangs til meðhöndlunar???
- Gas- og jarðgerðarstöð Sorpu er mikilvægt skref til að minnka losun GHG
- Frumvarp um urðunarskatt er vont innlegg í þessa umræðu, óútfært og með öllu ótímabært.





Endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsmálanefnd Sambands Íslenskra sveitarfélaga hvetur starfshóp um heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum til að vanda til verka við endurskoðun laganna. Það er álit nefndarinnar að miklir möguleikar séu fyrir hendi til að auka almenna sátt um framkvæmd umhverfismats.

(Bókun frá fundi 9. september 2019)



Ábendingar skipulagsmálanefndar (frh.)



Áhersla verði m.a. lögð á að:

- Ná fram markmiðum um einföldun laganna, þ.m.t. að sá tími sem umhverfismatsferlið tekur verði stytur umtalsvert og kærheimildum fækkað.
- Endurskoðað verði ákvæði um tilkynningarskyldu framkvæmda (að afnema C-flokk er augljós aðgerð)
- Felldar verði úr gildi reglur sem kveða á um strangari viðmið en fram koma í tilskipunum ESB.

Miðhálandisþjóðgarður

Vönduð greiningarvinna liggur fyrir en hverju mun stofnun þjóðgarðs breyta?

Brennandi spurningar eru m.a. um orkuflutning milli landshluta og samgöngumál en einnig aðra nýtingu innan marka þjóðgarðs og á skilgreindum jaðarsvæðum.

Er flutningur orku í byggð á einhvern hátt vænlegri kostur?

Sporin eftir þjóðlendumálin hræða marga. Traust sveitarfélaga í garð ríkisins er takmarkað .

Málið þarf tíma og vandaða umræðu.






Stefna í málefnum sveitarfélaga

- Snýst ekki bara um fækkun sveitarfélaga heldur sjálfbærni í víðum skilningi
- Verkefnum gæti fjölgað og samvinnuverkefnum ætti að fækka
- Áhersla á stafræna framtíð og virkt samráð við almenning
- Öflugar byggðir og fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni

Nýsamykkt sameining sveitarfélaga á Austurlandi gefur tóninn

- Heimastjórnarfyrirkomulag áhugavert
- Sveitarfélögum fækkar á næsta ári í 69



**KOSNING UM SVEITARFÉLAGIÐ
AUSTURLAND**

— Kjördagur 26. október 2019 —